

Mánudaginn 25. október 1982.

Nr. 48/1981. **Tollstjórinn í Reykjavík**

(Unnsteinn Beck hrl.)

gegn

**Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík,
vegna þrotabús Gallíu h/f**

(Stefán Pálsson hrl.).

Úthlutun uppboðsandvirðis. Skýring gjaldþrotalaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardóm-
arar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1981. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða uppboðs-
réttarúrskurði verði hrundið og þær 13.846.00 krónur, sem
þar er um fjallað, renni til áfrýjanda til greiðslu upp í lög-
takskröfu hans. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báð-
um dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og
málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að
staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti,
og þykir hann hæfilega ákveðinn 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði stefnda,
Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík, vegna
þrotabús Gallíu h/f, 4.000.00 krónur í málskostnað fyr-
ir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 23. janúar 1981.

Í máli þessu hefur tollstjórinn í Reykjavík gert þær réttar-

kröfur, að nettóuppboðsandvirði bílsins R 56981, kr. 1.384.600, renni óskert til sín sem lögtakshafa í bílnum. Hann krefst þess, að skiptaráðandinn í Reykjavík verði f. h. þrotabús Gallíu h/f úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Gallíu h/f hefur krafist þess, að framkomið frumvarp uppboðsréttarins til úthlutunar uppboðsandvirðis verði staðfest óbreytt. Hann hefur krafist þess, að tollstjórinn í Reykjavík verði úrskurðaður til þess að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 14. þessa mánaðar.

Þann 8. júlí 1980 fór að kröfu tollstjórans í Reykjavík fram lögtak í eignum Gallíu h/f, Borgartúni 29 hér í borg, til tryggingar söluskatti 1978 — mars 1980, samtals kr. 4.237.037 auk dráttarvaxta og kostnaðar. Bíllinn R 56981, Fiat 131, árgerð 1978, var tekinn lögtaki. Var lögtakinu þinglýst 10. september 1980, þó það verði ekki séð á lögtaksendurríti því, er fylgdi uppboðsbeiðni, en veðbókarvottorð getur lögtaksins.

Tollstjóri krafðist nauðungarsölu á hinum lögtekna bíl með bréfi 1. ágúst 1980, nú til lúkningar kr. 2.362.400 auk áfallinna dráttarvaxta til 16. ágúst, kr. 848.082, og kostnaðar, kr. 10.000, samtals kr. 3.220.542.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 15. ágúst 1980, var bú Gallíu h/f tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota að kröfu stjórnar hlutafélagsins s. d. Úrskurður þessi var birtur í 70. tbl. Lögbirtingarblaðsins 1980, en það kom út þann 27. ágúst.

Skiptaráðandi tók í umráð skiptaréttarins einu eign hins gjaldþrota hlutafélags, bíllinn R 56981, og krafðist síðan uppboðs á honum þann 20. ágúst.

Uppboð fór fram þann 11. september 1980. Var bíll þessi sleginn á kr. 1.650.000, en að frádregnum sölulaunum, innheimtulaunum og kostnaði komu til útborgunar skv. skilagrein uppboðsréttarins kr. 1.435.500.

Uppboðsrétturinn hefur gert frumvarp að úthlutun nettóuppboðsandvirðis skv. framansögðu, þannig: veðbókarvottorð og póstkostnaður kr. 1.600, Vaka h/f, geymslukostnaður, kr. 42.200, tollstjórinn í Reykjavík sem innheimtumaður bifreiðaskatts, kr. 7.100, og skiptaráðandinn í Reykjavík kr. 1.384.600.

Frumvarp þetta var lagt fram í uppboðsréttarhaldi þann 30.

september 1980 og sætti andmælum tollstjóra að því varðar forgang skiptaréttarins til uppboðsandvirðis. Hefur sérstakt uppboðsréttarmál verið rekið um ágreining þennan, og er það hér til úrskurðar.

Til rökstuðnings réttarkröfum sínum vísar tollstjóri til lögtaks þess, er hann lét gera þann 8. júlí 1980 og sem hafi verið þinglýst þann 10. sama mán. Það leiði af 24. gr., 2. mgr., laga nr. 6/1978, að lögtakskrafan eigi að taka forgang um úthlutun, þar eð málsgreinin segi skýrum stöfum, að gjaldprot breyti ekki rétti þeirra, sem fyrir upphaf þess hafi látið fram fara fullnustugerð fógeta í eignum skuldara. Hér sé sagt fyrir um það, að lögtakshafi geti farið fram eins og gjaldprot gerðarpola hefði ekki borið að hendi. Athugasemdir við frumvarp til nefndra laga séu þessu til styrktar, sérstaklega varðandi áminnsta lagagrein, en þar segi, að málsgreinin sé í samræmi við 34. gr. laga 3/1878, enn fremur megi nefna athugasemd með 72. gr., þar sem áréttuð sé regla sú, er fram kemur í málsgreininni. Að sönnu komi sú regla fram í 58. gr., 1. mgr., að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Þarna sé um að ræða misræmi, en telja verði, að ákvæði 58. gr., 1. mgr., verði að þoka fyrir hinu sterkara orðalagi 24. gr., 2. mgr., sem mæli lögtakshafa þann rétt, sem áður hafði gilt, sbr. 34. gr. skiptalaga. Auk þess gangi 58. gr., 1. mgr., langt til breytinga á áður ríkjandi skipan þessara mála, en 24. gr., 2. mgr., geri þar enga breytingu og verði því síðarnefnd lagagrein að teljast fremri. Á það megi líta, að í niðurlagi greinargerðar um 58. gr., að 50. gr., 2. mgr., laga 19/1887 skuli halda áfram að vera í gildi, þannig að hér virðist vera ráðagerð um, að réttur til að koma fram nauðungaruppboði skv. fjárnámssgerð skuli halda gildi sínu þrátt fyrir töku bús gerðarpola til gjaldprotaskipta, ef fjárnámshafi hefur varið rétt sinn með þar greindri umráðasviptingu innan 12 vikna. Komi því ekki til mála, að lögtak eigi að falla niður, vegna þess að lögtakshafi eigi enga kröfu á því að fá umráð lögtekins hlutar svk. 7. gr. laga 29/1885. Enn fremur verði lögtak að teljast að ýmsu sterkari réttargerð en fjárnám.

Það verði að teljast mæla gegn forgangsrétti skiptaráðanda til uppboðsandvirðis, að hann hreyfði ekki athugasemdum við hinni fyrri framkomnu uppboðsbeiðni tollstjóra, sem þó verði að ætla, að hann hafi fengið vitneskju um. Hafi tollstjóra því verið rétt að ætla, að lögtak hans, sem var að auki þinglýst, stæði

óhaggað, þar sem skiptaráðandi hafi engar ráðstafanir gert til að leysa aðfararveðið til sín, en ætla verði, að enda þótt 58. gr., 1. mgr., yrði beitt í þessu máli, beri skiptaráðanda að tilkynna veðhöfum, að búið muni leysa veðkröfur þeirra til sín. Ella verði að skilja aðgerðarleysi skiptaráðanda svo, að hann láti uppboðsbeiðni tollstjóra óátalda og missi því rétt til uppboðsandvirðisins.

Skiptaréttur Reykjavíkur hefur í málflutningi sínum vísað til þess, að forráðamenn Gallíu h/f hafi þann 15. ágúst 1980 farið þess á leit, að bú hlutafélagsins yrði tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Skiptaréttur hafi orðið við beiðni þessari þegar í stað og í framhaldi þess hafi honum verið afhent umráð einu eignar búsins, bílsins R 56981, sem síðan hafi verið seldur á nauðungaruppboði að kröfu skiptaréttar skv. uppboðsbeiðni 20. ágúst. Sú uppboðsbeiðni, er tollstjóri hafði ritað, sé ekki gild, þar eð ákvæða 73. gr. gjaldþrotalaga hafi ekki verið gætt.

Skiptarétturinn byggir tilkall sitt til uppboðsandvirðis á 58. gr., 1. mgr., laga nr. 6/1978. Þar segir, að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Þannig hafi lögtak tollstjóra, er fram fór þann 8. júlí 1980, fallið niður við úrskurð 15. ágúst s. á. um töku bús Gallíu h/f til gjaldþrotameðferðar, og það án nokkurra frekari athafna af hálfu skiptaréttarins. Í þessu sambandi er því enn fremur haldið fram, að þegar 24. gr., 2. mgr., sömu laga segi, að gjaldþrot gerðarpola breyti ekki rétti aðfararhafa, þá sé þar átt við greiðsluþrot, en ekki við gjaldþrotameðferð að gengnum úrskurði skiptaráðanda. Þannig hljóti hið umdeilda uppboðsandvirði að ganga inn í þrotabú Gallíu h/f.

24. gr., 2. mgr., laga nr. 6/1978 segir, að gjaldþrot breyti ekki rétti þeirra, er fyrir upphaf þess hafa látið fram fara fullnustugerð fógeta í eignum skuldara. Síðan segir 58. gr., 1. mgr., sömu laga, að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Það verður ekki annað fyrir hendi en að líta svo á, að regla laganna sé sú, að aðfararhafar verði að sæta því, að réttur sá, er þeir fengu til þess við aðförina til þess að taka sér greiðslu af uppboðsandvirði, verði að þoka fyrir rétti þrotabúsins, ef fógetergerðinni var lokið innan 6 mánaða fyrir frestdag.

Lögtak tollstjóra fór fram þann 8. júlí 1980, en úrskurður um gjaldþrotameðferð á búi Gallíu h/f gekk þann 15. ágúst, þ. e. um það bil 5 vikum síðar. Þykir því verða að úrskurða, að upp-

boðsandvirði gangi til skiptaréttar Reykjavíkur vegna þrotabús Gallíu h/f, svo sem skiptaráðandi hefur krafist. Ber því að staðfesta úthlutunarfrumvarp það, er fyrir liggur.

Málskostnaður á að falla niður í máli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboðsandvirði bílsins R 56981 skiptist þannig:

Fyrir veðbókarvottorð og póstkostnað kr. 16.00, til Vöku h/f vegna geymslu hins selda bíls, kr. 422.00, þá fær tollstjórinn í Reykjavík kr. 71.00 til greiðslu bifreiðaskatts, en kr. 13.846.00 ganga til skiptaráðanda í Reykjavík vegna þrotabús Gallíu h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. október 1982.

Nr. 132/1979. Auður Stefánsdóttir

(Valgeir Kristinsson hdl.)

gegn

Haraldi Guðmundssyni

og gagnsök

(Jón Kr. Sólmes hdl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Gjafsóknarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardóm-
arar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. júlí 1979 og gerir þær dómkröfur aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum gagnáfrýjanda og henni dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar og einnig í Hæstarétti, eins